



Dagskrá stjórnarfundar 16 nóv 2021
Fundurinn haldin á Ísafirði 16. nóvember kl 10:30
Vestrahúsinu, fundarsal Vestfjarðarstofu.

Mættir voru

Jón Páll Hreinsson, formaður

Jóhanna Ösp Einarsdóttir

Ólafur Þór Ólafsson

Birgir Gunnarsson var með á fjárfundi.

Ingibjörg Birna Erlingsdóttir tilkynnti forföll og engin kom í hennar stað.

Jón Páll Hreinsson opnar fundinn og býður Guðný Sverrisdóttir ráðgjafa hjá ráðrík velkomna á fundinn.

1. Skýrsla framkvæmdastjóra

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu BsVest og þau verkefni sem fyrir eru.

2. Fundargerð stjórnar

Fundargerð stjórnar frá fundi 3.11.2021 lögð fram til samþykkis

3. Verklagsreglur stjórnar

Stjórn leggur til að setja athugasemdir á Teams, og horfa á að samþykktir og reglur tali saman og skýrleiki og einfaldleiki skipti máli. Framkvæmdastjóra falið að taka saman fyrir næsta fund athugasemdir stjórnar sem koma á Teams.

4. Siðareglur stjórnar

Framkvæmdastjóra falið að búa til siðareglur í samræmi við samtal á fundinum.

Mikilvægt að horfa á að siðareglur séu settar upp hvernig við högum okkar sem einstaklingar en verklagsreglur, hvernig við högum okkur sem eining.

5. Erindi Ísafjarðarbæjar vegna verklagsreglna

Stjórn þakkar fyrir ábendingarnar og mun hafa þær til hliðsjónar við endurskoðun á verklagsreglum næsta árs.

6. Erindi Ísafjarðarbæjar

Stjórn þakkar erindið og leggur til að mikilvægt sé að samrýma milli sveitarfélaga, stjórn telur að að eðlilegt sé að greiða 15 tíma á mánuði fyrir bakvaktir á þjónustueiningu, og felur framkvæmdastjóra að upplýsa hlutaðeigandi sveitarfélög um málið.

7. Fjárhagsáætlun 2022

Lagt fram til kynningar, þriggja ára áætlun frá KPMG og áætlun BsVest 2022.

Fundi slitið 14:20
Sif Huld Albertsdóttir